



BYGGÐASAMLAG VESTFJARÐA UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

Samþykktir BsVest 2011

Samþykktir BsVest, samþykktar á stofnfundi 23. desember 2010.**1. Grein**

Byggðasamlagið tekur að sér fyrir hönd framangreindra sveitarfélaga að fötluðu fólki, sem á lögheimili í framangreindum sveitarfélögum sé veitt sú þjónusta sem það á rétt á samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa.

2. Grein.

Sveitarstjórnir framangreindra sveitarfélaga samþykkja að gerast aðilar að byggðasamlaginu sem stofnað er skv. 82. gr. laga nr. 45/1998. Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð 5 mönnum sem kosnir eru á Fjórðungsþingi Vestfirðinga til tveggja ára í senn. Kjósa skal jafn marga til vara. Um kjörgengi til stjórnar fer eftir lögum Fjórðungsambands Vestfirðinga.

3. Grein.

Fjórðungsþing Vestfirðinga er aðalfundur byggðasamlagsins og skal þar gerð grein fyrir starfsemi þess og ársreikningum. Stjórnarfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur þegar meirihluti kjörinna stjórnarmanna er mættur á fundi. Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið sveitarsjóði umfram það sem kveðið er á um í samþykktum þjónustusamningi um málefni fatlaðra eða í lögum.

4. Grein.

Fjögur þjónustusvæði mynda starfsvæði Byggðasamlags Vestfjarða. Þjónustusvæðin eru félagsþjónustusvæði Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Strandabyggðar og Reykhólahrepps, Félagsþjónustusvæði Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, félagsþjónustusvæði Ísafjarðarbæjar og félagsþjónustusvæði Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps.

Byggðasamlagið gerir samninga um framkvæmd verkefnisins á viðkomandi þjónustusvæði þar sem tilgreindir eru þeir þjónustuþættir sem viðkomandi þjónustusvæði framkvæmir. Þá skal í þjónustusamningum útlista fjárstreymi, annars vegar frá sveitarfélögum til byggðasamlagsins og hins vegar frá byggðasamlaginu til sveitarfélagana.

5. Grein

Skrifstofa Fjórðungsambands Vestfirðinga annast rekstur byggðasamlagsins í umboði stjórnar. Reikningar byggðasamlagsins skulu settir upp af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins. Endurskoðendur skulu árita reikningana og endurskoða í samræmi við 67-72. gr. laga nr. 45/1998 eftir því sem við getur átt.

6. Grein

Tekjur byggðasamlagsins eru mánaðarleg og árleg framlög aðildarsveitarfélaganna og jöfnunarsjóðs samkvæmt nánari útfærslu sem skýrð er í þjónustusamningum byggðasamlagsins og viðkomandi þjónustusvæða/sveitarfélaga. Tekjum byggðasamlagsins að frádregnum sameiginlegum kostnaði verður skipt milli hinna fjögurra þjónustusvæða félagsþjónustu sveitarfélaga, hlutfallslega eftir umfangi stoðþjónustu annars vegar og búsetuúrræði hins vegar, samkvæmt samningum þar um.

Tekjum þessum skal ráðstafa til að greiða allan kostnað við að veita þá þjónustu sem byggðasamlagið tekur að sér samkvæmt fyrirnefndum þjónustusamningi svo sem launakostnaði, skrifstofuhald, ferðaskostnað og annan rekstrarkostnað á viðkomandi þjónustusvæði.

7. Grein

Samning þennan skal taka til endurskoðunar fyrir árslok 2014. Til breytinga á samningi þessum þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða aðildarsveitarfélaga, sbr. 83. gr. laga nr. 45/1998, nema um sé að ræða breytingar sem leiða til breyttar löggjafar.

8. Grein

Ákveði sveitarfélag að hætta aðild að samstarfsamningi þessum þarf að segja honum skriflega upp með tveggja ára fyrirvara. Óski sveitarfélag eftir að ganga úr byggðasamlaginu skal fara með úrsögn eftir ákvæðum 84. gr. sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

9. Grein

Verði starfsemi byggðasamlagsins hætt skal fara með uppgjör þess skv. 85. gr. laga nr. 45/1998.

10. Grein

Rísi mál út af samning þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.